



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 5. október 2016

Niðurstaða um að Aktiva lausnir ehf. hafi stundað greiðsluþjónustu án tilskilins leyfis

Aktiva lausnir ehf. hóf í sumar að bjóða þjónustu sína við milligöngu um lánveitingar á milli viðskiptavina sinna. Hlutverk Aktiva lausna ehf. er m.a. að tengja saman lántakendur og lánveitendur á s.k. lánatorgi. Þjónusta félagsins lýtur einnig að flokkun lántakenda eftir greiðslumati og móttöku og miðlun greiðslna á milli lántakenda til lánveitenda.

Í kjölfar þess að félagið hóf að kynna starfsemi sína hóf Fjármálaeftirlitið athugun á starfsemi þess í því skyni að kanna hvort félagið stundaði leyfisskylda starfsemi. Kom til skoðunar hvort lánastarfsemin væri mögulega starfsleyfisskyld, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og einnig hvort að meðferð fjármuna lánveitenda og lántakenda bryti í bága við lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu (grþl.).

Greiðsluþjónustuveitendum er einum heimilt að veita greiðsluþjónustu hér á landi, enda hafi þeir tilskilin leyfi stjórnvalda hér á landi eða í öðru aðildarríki, sbr. 5. gr. grþl. Hugtakið greiðsluþjónusta er skilgreint í 4. gr. grþl. en í 3. tölul. ákvæðisins kemur fram að með greiðsluþjónustu í lögum sé átt við framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærslur fjármuna á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda. Með greiðslureikningi er átt við reikning á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem notaður er við framkvæmd greiðslu, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að Aktiva lausnir ehf. stundi ekki leyfisskylda starfsemi skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið hafi þó án leyfis stundað starfsemi sem fellur undir ákvæði 3. tölul. 4. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu. Hinn 31. ágúst sl. fór Fjármálaeftirlitið fram á það við Aktiva lausnir ehf. að það hætti þegar í stað að stunda umrædda leyfisskylda starfsemi. Félagið hefur frá þeim tímapunkti ekki veitt greiðsluþjónustu, skv. lögum nr. 120/2011, vegna nýrra lánssamninga. Þá hefur félagið nú fært greiðsluþjónustu vegna áður veittra lána til aðila sem hefur leyfi til að stunda greiðsluþjónustu. Jafnframt hefur félagið sótt um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins sem greiðslustofnun.